

Nd.

104. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og aflajöfnunardeild.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum.

Réttindi í hinni almennu deild sjóðsins eiga öll fiskiskip án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegu afurðunum úr aflanum útflutningsgjald.

3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

III. KAFLI

Aflajöfnunardeild.

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, aflajöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur aflajöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum aflajöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu álití Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur aflajöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi aflajöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

4. gr.

Greinaróð og kaflaheiti laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. gr.

5. gr.

2. tl. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins nemi 40% af tekjum hennar skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Eignir almennu deilda bátaflotans og togaraflotans svo og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 80 16. september 1971, skulu renna til almennu deildar sjóðsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til aflu, sem landað er eftir lok ársins 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að marka skýran farveg fyrir greiðslu verðuppbóta á einstakar fisktegundir í því skyni að beina sókn fiskiskipaflotans frá einstökum fisktegundum og að öðrum, sem fremur eru taldar þola veiðar. Frumvarpið er ennfremur flutt í því skyni að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1980, þar sem til álita kemur framhald verðuppbóta á ufsa og karfa, sem greiddar voru á síðasta ári.

Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 29. mars 1979, hefur fjallað um þetta mál og fer hér á eftir áfangaskýrsla hennar dagsett 15. janúar 1980, þar sem lýst er aðdraganda þessa máls og mælt með samþykkt frumvarpsins í þeirri mynd, sem það er hér fram lagt:

Áfangaskýrsla Aflatryggingasjóðsnefndar.

„Í erindisbréfi er nefndinni falið að endurskoða lög og reglur Aflatryggingasjóðs með tilliti til þess, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu sem best að jafna áhrif sveiflna í aflabrógðum og tryggja afkomu sjómanna og útvegsmanna við ríkiandi aðstæður, sem einkennast af breytingum á fiskgengd og nauðsyn takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi var nefndinni falið að vinna á grundvelli 62. og 64. greinar laga nr. 13/1979, en þar segir:

Í 62. gr. — 2. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum.

Og í 64. gr. — Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.

Verkefni nefndarinnar er því tvíþætt. Annars vegar að gera tillögur um það, hvernig Aflatryggingasjóður þjóni almennt hlutverki sínu sem best við breytta útgerðarhætti og hins vegar að gera tillögur um verðjöfnun milli fisktegunda. Fyrri verkþátturinn er umfangsmikill og hefur nefndin þegar lagt drög að ýmsum athugunum þar að lútandi. Við endanlegum niðurstöðum er þó ekki að búast í bráð. Á hinn bóginn telur nefndin ástæðu til að gera þegar nokkrar tillögur um einfaldar skipulagsbreytingar í tengslum við tillögugerð um verðjöfnun milli tegunda og að fella inn í texta laganna ákvæði 62. gr. 1. nr. 13/1979.

Í samræmi við þessi sjónarmið hefur nefndin fjallað um drög að frumvarpi til laga um sameiningu báta-, togara- og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs og um stofnun aflajöfnunardeildar við sjóðinn um leið og ákvæði 62. gr. laga nr. 13/1979 verði felld inn í 2. gr. laganna um sjóðinn (sbr. fskj. 1). Hlutverk aflajöfnunardeildar er að beina sókn frá einstökum fisktegunum til annarra, sem fremur eru taldar þola veiðar. Þessi tillaga er mótuð á grundvelli stefnumörkunar 64. gr. laga nr. 13/1979 eins og áður sagði og á sér auk þess nokkurn aðdraganda á árinu 1979.

Við ákvörðun fiskverðs frá 1. júlí 1979, sem tekin var með samkomulagi allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var reiknað með því, að greidd yrði sérstök verðuppbót á ufsa- og karfaverð úr sjóðum sjávarútvegsins, en áður höfðu farið fram viðræður ríkisstjórnarinnar og aðila í Verðlagsráði um slíkar ráðstafanir. Með bráðabirgðalögum nr. 69/1979 var síðan heimilað að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa um 30% og ufsa um 25% á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Afkoma á karfa- og ufsaveiðum var mun lakari en afkoma á þorskveiðum, ekki síst eftir olluverðshækkunirnar, en um leið var nauðsynlegt að hvetja til aukinnar sóknar til veiða á karfa og ufsa til þess að draga úr sókn í þorskstofninn. Af þessum ástæðum voru þessar ráðstafanir gerðar. Má telja, að þær hafi átt drjúgan þátt í því, að karfa- og ufsaafli jókst mikið á síðasta ári.

Við fiskverðsákvörðunina í október síðastliðnum var ljóst, að rýmka þyrfti nokkuð um heimildir til ráðstöfunar fjár úr Tryggingasjóði og Aflatryggingasjóði til greiðslu uppbóta á karfa og ufsa. Fyrir því var með bráðabirgðalögum nr. 88/1979 gerð sú breyting, að heimilað skyldi að verja 550 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs og 850 milljónum af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þessara verðuppbóta 1979. Nú mun ljóst, að enn skorti um 200 m.kr. til þess að ljúka skuldbindingu vegna uppbóta þessara frá árinu 1979. Nefndin hefur tekið tillit til þessarar forsögu málsins við tillögugerð sína, auk þess sem hún hefur kynnt sér viðhorf aðila innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem er málið skylt.

Með frumvarpsdrögunum fylgja hugmyndir um greiðslu verðuppbóta 1980 skv. þeim, ef að lögum yrðu. Þessar hugmyndir hafa verið ræddar í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem fjallar um nýtt fiskverð frá áramótum (sbr. fskj. 3).

Nefndin telur nauðsynlegt að marka þegar fastan og skýran farveg fyrir verðjöfnun milli fisktegunda í þessu skyni. Í frumvarpsdrögunum er þetta gert með því að stofna aflajöfnunardeild við Aflatryggingasjóð og ætla henni reglulegar tekjur af útflutningsgjaldi.

Í tengslum við þetta frumvarp yrði flutt frumvarp um útflutningsgjald og ráðstöfun tekna af því og hefur nefndin fjallað um frumvarpsdrög um þetta efni, sem fylgja hér með (fskj. 2). Þar er gert ráð fyrir, að hið almenna útflutningsgjald yrði 5.5% frá áramótum 1979/80 og fengi aflajöfnunardeildin til sinna þarfa 20% af heildargjaldinu. Auk þess væri stjórn Aflatryggingasjóðs, ef þörf krefði, heimilt að færa fé milli aflajöfnunardeildar og hinnar almennu deildar sjóðsins, þannig að hvert einstakt ár geti hluti aflajöfnunardeildar mest orðið 25% en minnst 15% af útflutningsgjaldinu í heild. Þá yrðu og í þessu frumvarpi ákvæði til að tryggja fé til að ljúka greiðslu uppbóta á karfa og ufsa vegna ársins 1979.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með flutningi frumvarps um aflajöfnunardeildina í þeirri mynd, sem hér liggur fyrir (fskj. 1), og um útflutningsgjaldið, að því er starfsemi Aflatryggingasjóðs varðar. Þessi afstaða er á því byggð, að lagasetning þessi breyti ekki fjárhæð framlags úr ríkissjóði til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs. Tillaga um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð með ákvæði þessa efnis er felld inn í 5. gr. frumvarps þess, sem hér fylgir, og er forsenda þessarar breytingar sú, að fjárhæð framlags úr ríkissjóði til hinnar almennu deildar sjóðsins haldist óbreytt að krónutölu, þrátt fyrir að hlutur almennu

deildarinnar í útflutningsgjaldinu lækki. Til þess að svo verði, þarf framlag úr ríkissjóði að hækka úr 25% í 40% af útflutningsgjaldstekjum deildarinnar.

Með þessu álitu telur nefndin lokið áfangu í starfi sínu en mun síðar gera grein fyrir tillögum sínum um almenna starfsemi Aflatryggingasjóðs.“

Með þessu frumvarpi fylgir einnig skilabréf Aflatryggingasjóðsnefndar og fylgiskjöl með álitu hennar (Fskj. 1 til 4).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er annars vegar um beina skipulagsbreytingu að ræða, sem að mestu leyti er staðfesting á orðnum hlutum, þar sem er sameining almennu deilda báta- og togaraflotans, og tillagan um, að felld verði úr gildi ákvæði um jöfnunardeild sjóðsins og við hlutverki hennar taki almenna deildin. Hins vegar er hér lagt til, að stofnuð verði ný deild við sjóðinn, aflajöfnunardeild, eins og nánar er um fjallað í 3. gr.

Um 2. gr.

Með þessari grein eru ákvæði 62. gr. l. nr. 13/1979 felld inn í l. nr. 80/1971, með hliðsjón af breytingum þeim á skipulagi sjóðsins, sem um getur í 1. gr.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um stofnun nýrrar deildar, aflajöfnunardeildar, við Aflatryggingasjóð, sem greiðir verðuppbætur á afla umræddra fisktegunda í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

Ennfremur eru ákvæði um, hvernig deildinni er aflað tekna.

Í þriðja lagi eru ákvæði um ákvörðun verðuppbóta á hverju verðtímabili. Er hér lagt til, að Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess ákveði bótafjárhæð innan þeirra marka, sem eignir og tekjur aflajöfnunardeildar hrökkva til, en sjávarútvegsráðherra staðfesti þessar ákvarðanir. Gert er ráð fyrir, að aflajöfnunarbætur þessar komi til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

Loks er í þessari grein gert ráð fyrir, að sjávarútvegsráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða og starfsemi aflajöfnunardeildar, og að deildin hafi sjálfstæðan fjárhag.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þessi grein er í samræmi við álit Aflatryggingasjóðsnefndar, en afstaða hennar er á því byggð, að lagasetning þessi breyti ekki fjárhæð framlags úr ríkissjóði til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs. Tillaga um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð með ákvæði þessa efnis er þess vegna felld inn í þessa grein frumvarpsins og er forsenda þessarar breytingar sú, að fjárhæð framlags úr ríkissjóði til hinnar almennu deildar sjóðsins haldist óbreytt að krónutölu, þrátt fyrir að hlutur almennu deildarinnar í útflutningsgjaldinu lækki. Til þess að svo verði, þarf framlag úr ríkissjóði að hækka úr 25% í 40% af útflutningstekjum deildarinnar.

Um 6. gr.

Efni þessarar greinar er tæknilegs eðlis og í samræmi við 1. gr. þessa frumvarps.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

AFLATRYGGINGASJÓÐSNEFND

Reykjavík, 15. janúar 1980.

Hr. sjávarútvegsráðherra Kjartan Jóhannsson,
Sjávarútvegsráðuneytinu,
Lindargötu 9,
Reykjavík.

Hér með fylgir áfangaskýrsla Aflatryggingasjóðsnefndar, sem skipuð var með bréfi dagsettu 29. mars 1979.

Undirritaðir nefndarmenn hafa orðið sammála um að mæla með flutningi frumvarps um stofnun aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð o. fl., sem fylgir með nefndarálitinu.

Einn nefndarmanna, Ólafur Björnsson, var erlendis, þegar nefndarálitið var samþykkt.

Virðingarfyllst,

Jón Sigurðsson.

Hrafnkell Ásgeirsson.
Jakob Jakobsson.
Kristján Ragnarsson.
Óskar Vigfússon.

Ingólfur Ingólfsson.
Jón Páll Halldórsson.
Már Elísson.
Vilhelm Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

Drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5.5% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

| | |
|---|----------------|
| 1. Til Aflatryggingasjóðs | |
| a) Almenn deild | 15.0% |
| b) Aflajöfnunardeild | 20.0% |
| c) Áhafnadeild | 21.0% |
| 2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja | |
| a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 20.0% |
| b) Til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 3.0% |
| 3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs | |
| a) Til Fiskveiðasjóðs | 18.0% |
| b) Til Fiskimálasjóðs | 0.8% |
| 4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 1.0% |
| 5. Til Landssambands isl. útvegsmanna | 0.6% |
| 6. Til samtaka sjómanna | 0.6% |
| | <hr/> |
| | Samtals 100.0% |

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli aflajöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar aflajöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur aflajöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

Hlutur samtaka sjómanna skv. 6. tl. þessarar greinar skiptist sem hér segir:

| | |
|---|-----|
| a) Sjómannasamband Íslands | 42% |
| b) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands | 40% |
| c) Alþýðusamband Austurlands | 9% |
| d) Alþýðusamband Vestfjarða | 9% |

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi:

5. gr. — Í þeim reglum um greiðslu hluta af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í a) lið í 2. tl. 4. gr., má m.a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hliti tilteknur reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. a) lið í 2. tl. 4. gr. í stað greiðslu iðgjaldsstyrkja. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 4. gr., enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sbr. b) lið í 2. tl. 4. gr., skv. reglum, er sjávarútvegsráðherra setur.

4. gr.

Greinaröð laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok ársins 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 5/1976 og þessara laga um skiptingu tekna af útflutningsgjaldi skal heimilt að verja 100 m.kr. úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs og 100 m.kr. úr Tryggingasjóði fiskiskipa til þess að ljúka greiðslum verðuppbóta á ufsa og karfa skv. lögum nr. 69/1979 og lögum nr. 88/1979 og verðtilkynningum Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11 og 23 1979.

Fylgiskjal III.

Hugmyndir um verðbætur 1980.

| | Ufsi | | Karfi | | Grálúða | |
|---|----------------|---------|----------------|---------|------------------|-------|
| | tonn | M.kr. | tonn | M.kr. | tonn | M.kr. |
| Hugsanlegur stofn verðbóta miðað við 1979 | 39 251 | 3 052.5 | 59 400 | 4 742.4 | 8 382 | 825.8 |
| + 10% varúðarálag | — | 3 357.8 | — | 5 216.6 | — | 908.3 |
| Dæmi 1 um verðuppbót | Bótahlutf. 25% | | Bótahlutf. 30% | | Bótahlutf. 0% | |
| Áætlaður kostnaður alls: | Kostn. v/ufsa | | Kostn. v/karfa | | Kostn. v/grálúðu | |
| 2.5—2.8 milljarðar kr. | 763.1 | 839.5 | 1 422.7 | 1 565.0 | — | — |
| Dæmi 2 um verðuppbót | Bótahlutf. 30% | | Bótahlutf. 25% | | Bótahlutf. 10% | |
| Áætlaður kostnaður alls: | Kostn. v/ufsa | | Kostn. v/karfa | | Kostn. v/grálúðu | |
| 2.5—2.8 milljarðar kr. | 915.8 | 1 007.3 | 1 185.6 | 1 304.2 | 83 | 91 |
| Dæmi 3 um verðuppbót | Bótahlutf. 30% | | Bótahlutf. 20% | | Bótahlutf. 10% | |
| Áætlaður kostnaður alls: | Kostn. v/ufsa | | Kostn. v/karfa | | Kostn. v/grálúðu | |
| 2.2—2.5 milljarðar kr. | 915.8 | 1 007.3 | 948.5 | 1 043.3 | 83 | 91 |
| Dæmi 4 um verðuppbót | Bótahlutf. 25% | | Bótahlutf. 20% | | Bótahlutf. 10% | |
| Áætlaður kostnaður alls: | Kostn. v/ufsa | | Kostn. v/karfa | | Kostn. v/grálúðu | |
| 2.1—2.3 milljarðar kr. | 763.1 | 839.5 | 948.5 | 1 043.3 | 83 | 91 |
| Dæmi 5 um verðuppbót | Bótahlutf. 25% | | Bótahlutf. 20% | | Bótahlutf. 25% | |
| Áætlaður kostnaður alls: | Kostn. v/ufsa | | Kostn. v/karfa | | Kostn. v/grálúðu | |
| 2.2—2.4 milljarðar kr. | 763.1 | 839.5 | 948.5 | 1 043.3 | 206.5 | 227.1 |

Athugasemdir:

Aflamagn eftir mánuðum er úr skýrslu Fiskifélags fyrir 1979 jan.—okt., en nív.—des. tölur eru frá árinu 1978. Meðalverð er skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar. Hugsanlegur stofn verðbóta er fyrir ufsa allt árið að frátöldum mars, apríl og maí, fyrir karfa allt árið, en fyrir grálúðu júní til desember.

Ufsi, karfi og grálúða 1979, óslægt magn, skv. aflaskýrslum F. Í. og verðmæti á desemberverði 1979.

| | Ufsi kr. 77.77 pr. kg | | Karfi kr. 79.67 pr. kg | | Grálúða kr. 98.53 pr. kg | |
|-----------------|-----------------------|---|------------------------|---|--------------------------|---|
| | Magn tonn | Verðmæti m. v. gildandi verð m. kr. | Magn tonn | Verðmæti m. v. gildandi verð m. kr. | Magn tonn | Verðmæti m. v. gildandi verð m. kr. |
| Janúar | 2 668 | 207.5 | 2 280 | 181.6 | 196 | 19.3 |
| Febrúar | 3 714 | 288.8 | 2 438 | 194.2 | 682 | 67.2 |
| Mars | 5 848 | 454.8 | 3 131 | 249.4 | 555 | 54.7 |
| Apríl | 6 216 | 483.4 | 7 665 | 610.7 | 385 | 37.9 |
| Maí | 4 305 | 334.8 | 7 569 | 603.0 | 7 530 | 741.9 |
| Júní | 6 392 | 497.1 | 4 389 | 349.7 | 966 | 95.2 |
| Júlí | 6 811 | 529.7 | 6 316 | 503.2 | 4 547 | 448.0 |
| Ágúst | 6 325 | 491.9 | 7 341 | 584.9 | 720 | 70.9 |
| September | 5 146 | 400.2 | 6 027 | 480.2 | 108 | 10.6 |
| Október | 3 774 | 293.5 | 6 233 | 496.6 | 1 019 | 100.4 |
| Nóvember | (2 225) | 173.0 | (3 559) | 283.5 | (819) | 80.7 |
| Desember | (2 196) | 170.8 | (2 452) | 195.4 | (203) | 20.0 |
| Samtals | 55 620 | 4 325.5 | 59 400 | 4 742.4 | 17 730 | 1 746.8 |

Athugasemdir:

Aflamagn eftir mánuðum er úr skýrslu Fiskifélags fyrir 1979 jan.—okt., en nóv.—des. tölur eru frá árinu 1978. Meðalverð er skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar. Hugsanlegur stofn verðbóta er fyrir ufsa allt árið að frátöldum mars, apríl og maí, fyrir karfa allt árið, en fyrir grálúðu júní til desember.

Fylgiskjal IV.

**Lauslegar áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af
útflutningsgjaldi og fjárbörf á árinu 1980.¹⁾**

Milljónir króna

| | Tekjur af útflutningsgjaldi 1980 | | | |
|---|----------------------------------|--------------------------|---|--|
| | Skv. lögum nr. 5/1976 | Skv. lögum nr. 3/1979 | Hugmynd skv. frumdrögum dags. 14/1/80 | Lauslegar hugmyndir um fjárbörf 1980 |
| 1. Til Aflatryggingasjóðs | | | | |
| a) Almenn deild ²⁾ | 3 234 | 2 389 | 2 021 | 1 800 |
| b) Aflajöfnunardeild | — | — | 2 695 | 2 500 |
| c) Áhafnadeild | 3 822 | 3 798 | 2 830 | 2 400 |
| 2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur | | | | |
| a) Til greiðslu á hluta af vá- tryggingarkostnaði fiskiskipa | 3 969 | 3 063 | 2 695 | 2 500 |
| b) Til úreldingarstyrkja til eig- enda fiskiskipa | — | — | 404 | — |
| 3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs | | | | |
| a) Til Fiskveiðasjóðs | 3 087 | 2 450 | 2 425 | — |
| b) Til Fiskimálasjóðs | 132 | 122 | 108 | — |
| 4. Til sjávarrannsóknna og Fram- leiðslueftirlits sjávarafurða skv. reglum, sem sjávarútvegsráðu- neytið setur | 338 | 306 | 135 | — |
| 5. Til Landssambands íslenskra út- vegsmanna | 59 | 61 | 81 | — |
| 6. Til samtaka sjómanna | 59 | 61 | 81 | — |
| Samtals | 14 700 | 12 250 | 13 475 | |

1) Miðað er við verðlag í lok ársins 1979 og að gjaldstofn útfluttra sjávarafurða nemi 245 milljörðum króna. Hér eru einungis sýndar áætlanir um tekjur af útflutningsgjaldi en auk þess hafa sjóðirnir tekjur af eignum svo og fá Fiskveiðasjóður og almenna deild Aflatryggingasjóðs mótframlag úr ríkissjóði.

2) Við tekjur almennu deildarinnar af útflutningsgjaldi, sem hér eru sýndar, bætist mótframlag úr ríkissjóði, sem skv. núgildandi lögum nemur fjórðungi tekna hennar af útflutningsgjaldi, en skv. þessu frumvarpi hækkaði mótframlagið í 40% útflutningsgjaldsteknanna.